

S A M Þ Y K K T

um lokunartíma rakarastofa í Reykjavík.

1. gr.

Rakarastofum í Reykjavík skal loka eftir því, sem ákveðið er í 2., 3. og 4. grein samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga árs skal rakarastofum lokað ekki síðar en kl. 6 síðdegis nema á föstudögum, laugardögum, síðasta vetrardag og miðvikudaginn fyrir uppstigningardag kl. 7 síðdegis. Stofurnar skulu ekki opnar aftur fyrr en kl. 8½ árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar frá þessu, er nú greinir:

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal stofunum lokað ekki síðar en kl. 4½ síðdegis og laugardagana fyrir páska og hvítasunnu ekki síðar en kl. 6 síðdegis.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda stofunum opnum til kl. 11 síðdegis og næst síðasta virkan dag fyrir aðfangadag til kl. 9 síðdegis, en miðvikudaginn fyrir skírdag og föstudaginn fyrir hvítasunnu til kl. 8 síðdegis.

Á tímabilinu frá 1. júní til 31. ágúst skal á laugardögum loka stofunum ekki síðar en kl. 4 síðdegis.

3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta og fyrsta mánudag í ágústmánuði mega engar rakarastofur vera opnar.

Dagana 1. maí, 17. júní og 1. desember skal loka stofunum kl. 2 síðdegis, ef þá daga ber upp á virka daga.

4. gr.

Þá, sem komnir eru inn á rakarastofur fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

5. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að veita undanþágur frá ákvæðum þessarar samþykktar, þegar sérstaklega stendur á.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum 20—500 krónum og renna sektirnar í bæjarsjóð.

Mál út af brotum á samþykktinni skal reka sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Samþykkt nr. 113, 18. nóvember 1933 og samþykkt nr. 80, 2. júlí 1934, um lokunartíma rakarastofa og hárgreiðslustofa í Reykjavík, eru úr gildi felldar að öðru leyti en því, sem tekur til ljósmyndastofa.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar, samkvæmt lögum nr. 17, 1. febrúar 1936, staðfestist hérmeð til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. júní 1937.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Gunnl. E. Briem.